

GLG-2018-05 Stækkun á palli

Umsækjandi er Handverkshúsið Gullsól í Grímsey. Verkefnið snýst um að stækka og bæta aðstöðu utan við Galleríið Gullsól, stækka pall og gera garðskála. Í galleríinu stoppa nánast allir sem til Grímseyjar koma, þar er selt kaffi og með því, og er staðurinn ígildi upplýsingamiðstöðvar í eygni. Húsið er mjög þröngt og því liggur beinast við að betrumbæta útiaðstöðuna til þess að fá meira pláss.

Verkefnið fellur vel að markmiðum verkefnisins Glæðum Grímsey, sérstaklega þegar kemur að eflingu Grímseyjar sem ferðamannastaðar.

Verkefninu var úthlutað 2.300.000 kr.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.